

Breytileiki DNA raða á hluta af cytochrome *b* geni hvatbera hjá ýsu, *Melanogrammus aeglefinus*

Einar Árnason og Benjamin Barnsteiner, Líffræðistofnun Háskólans. einararn@hi.is.

Erfðabreytileiki 381 basapara hluta af cytochrome *b* gens í hvatberum var rannsakaður með PCR mögnun og beinni raðgreiningu meðal 97 ýsa, *Melanogrammus aeglefinus*, frá Íslandi, 14 frá Færeyjum og sex frá írskum hafi. Nítján breytileg sæti skilgreindu 22 mismunandi setraðir. Þrjár breytingar leiddu til amínósýru skipta í próteini, tvær róttækar og ein íhaldssöm breyting, sem voru sjaldgæfar. Breytileikin var hlutfallslega hár ($\hat{h} = 0.69$; $\hat{\pi} = 0.25$ per 100 bp). Tvær setraðir voru í hárrí tíðni meira en 5%, nokkur fjöldi voru sjaldgæfar setraðir sem fundust þó víða, og stór fjöldi setraða fannst í einu eintaki í úttakinu. Tengslatré setraða var tiltölulega grunnt og sýnir endurteknar stökkbreytingar. Munur kirnabreytileika var stundum frábrugðinn núlli. Landfræðilega skýrði nokkurn mun á milli svæða innan Íslands og milli Íslands og Færeyja. Reglulegur stigull eftir legu var í tíðni tveggja algengustu setraða sem náðu hæstri tíðni á mismunandi stöðum við Ísland. Niðurstöður eru kynntar og bornar saman við sambærilegar birtar niðurstöður fyrir þorsk.